

BORGARRÁÐ 18. febrúar 2021: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um skýrslu um frumdrög að fyrstu lotu borgarlínu - R21020147

Þann 4. febrúar s.l. var gefin út skýrsla sem ber heitið: „Borgarlínan frumdrög að fyrstu lotu“. Samkvæmt upplýsingum sem fram koma í skýrslunni voru 12 aðilar í séstöku „verkefnateymi“ við gerð hennar auk tveggja almannatengslaskrifstofa. Einn aðili var fenginn til að sjá um teikningar í skýrslunni. Á þessum grunni eru eftirfarandi spurningar lagðar fram:

1. Hvað kostaði skýrslan í heild sinni tæmandi talið sundurliðað eftir vinnustundum hvers og eins auk verktakagreiðslna og útboðs? (Ef útboðsleiðin hefur verið farin) Verkefnateymið var skipað á þann hátt að þrír aðilar eru á vegum Reykjavíkurborgar, þrír aðilar frá Vegagerðinni einn aðili frá Kópavogsbæ, einn frá Strætó, tveir frá verkfræðistofum og tveir frá VSÓ Ráðgjöf. 1. Hversu margar vinnustundir liggja til grundvallar skýrslugerðinni hjá þeim átta aðilum sem sátu í verkefnateyminu frá hinu opinbera sundurliðað eftir aðilum? 2. Hvernig voru þeir utanaðkomandi aðilar valdir sem unnu að frumdrögunum/skýrslunni? 3. Var farið í útboð? 4. Ef nei – hvers vegna ekki? 5. Hvar var greitt til Verkfræðistofunnar Hnit? 6. Hvað var greitt til VSÓ Ráðgjafar? 7. Hvað var greitt til Almannatengslafyrirtækisins Athygli? 8. Hvað var greitt til Hönnunarstofunnar Kolofon? 9. Hvað var greitt til Snorra Eldjárns teiknara?